



Glæðum Grímsey

Skilaboð íbúapings, maí 2016



EFNISYFIRLIT

1.	Samantekt	1	8.3	Fjarskipti	9
2.	Inngangur	2	8.4	Frárennismál	9
3.	Framtíðarsýn	3	8.5	Hávaðamengun frá rafstöð	9
4.	Forgangsröðun	4	8.6	Heilbrigðismál.....	9
5.	Sjávarútvegur	5	8.7	Húsnæðismál.....	10
6.	Ferðaþjónusta	6	8.8	Gatnamál	10
6.1	Aðstaða.....	6	9.	Börninn.....	11
6.2	Ný tækifæri.....	6	9.1	Það sem er gott við að búa í Grímsey.....	11
6.3	Upplýsingar og markaðssetning	7	9.2	Skólamál	12
6.4	Minjagripaframleiðsla	7	9.3	Félagsstarf og aðstaða.....	13
7.	Önnur atvinnusköpun.....	7	10.	Höfnin.....	14
7.1	Þarverkun	7	12.	Umhverfismál	15
8.	Innviðir	8	13.	Viðburðir í Grímsey	16
8.1	Samgöngumál.....	8	15.	Næstu skref	17
8.2	Orkumál.....	8	17.	Að lokum	18

*Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu,
verkefnisstjórn og heimamönnum í Grímsey, sem
aðstoðuðu við framkvæmdina, eru færðar bestu
þakkir fyrir gott samstarf og vel heppnað þing.*

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði ILDI, þjónusta og ráðgjöf, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, í samstarfi við starfsfólk Byggðastofnunar, verkefnisstjórn og verkefnisstjóra.

Þingið var haldið í Félagsheimilinu Múla í Grímsey. Kvenfélagið Baugur hafði umsjón með veitingum, sem voru í boði Akureyrarkaupstaðar.

Ljósmyndir í þessari samantekt eru frá Byggðastofnun og ILDI.

Í verkefnisstjórn sitja:

Fulltrúar íbúa; Jóhannes Henningsson, Karen Nótt Halldórsdóttir og Sigfús Jóhannesson.

Matthías Rögnvaldsson, Akureyrarkaupstaður.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

Gunnar Gíslason, Eyþing.

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun.

Verkefnisstjóri Brothættra byggða í Hrísey og Grímsey;

Helga Íris Ingólfssdóttir.



1. SAMANTEKT

Íbúar Grímseyjar eiga sér þá framtíðarsýn að byggð í eyinni blómstri, með útgerð og ferðaþjónustu og vel hirtu umhverfi. Börnin í grunnskólanum telja einstakt að alast upp í Grímsey og eru ánægð með nálægð við náttúruna og samfélag sem er eins og ein fjölskylda. Í framtíðarsýn sinni, sáu þó einhver þeirra Grímsey fyrir sér yfirgefna og mannlausa og að náttúran hefði náð yfirhöndinni. Sú sýn endurspeglar óvissu og ótta Grímseyinga um framtíð byggðar í eyinni, sem helgast ekki síst af erfiðri stöðu þriggja útgerða. Þeirri óvissu er nú að hluta til eytt, en nægir ekki eitt og sér til að tryggja byggð í Grímsey.

Fiskveiðar og útgerð eru forsenda byggðar í Grímsey og því mikilvægast að styrkja þessa þætti, ásamt öðrum þeim atvinnugreinum sem þegar eru í eyinni. Þetta eru meginþættir tveggja daga íbúapings sem haldið var dagana 1. og 2. maí. Nær allir fullorðnir íbúar Grímseyjar sem voru heima þessa daga, sóttu þingið og er það metþátttaka. Einnig var grunnskólinn heimsóttur og rætt við nemendur.

Á íbúapönginu varð töluverð umræða um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur lofað. Í samþykkt hennar frá nóvember sl., segir: „Aðgerðir ríkisstjórnar verða ferþættar. Mun stuðningurinn felast í því að styrkja stöðu útgerðar, bæta samgöngur við Grímsey, framkvæma hagkvæmniathugun á lækkun húshitunarkostnaðar og með verkefninu Brothættar byggðir.“

Íbúar í Grímsey kalla eftir efndum þessa loforðs. Þeir sjálfir eru tilbúnir að róa lífróður fyrir byggðina sína, en það þarf að haldast í hendur við aðgerðir stjórnvalda. Á því veltur framtíð byggðar í Grímsey.

Þátttakendur á þinginu bentu á leiðir til að styrkja sjávarútveg, s.s. aukinn byggðakvóta, fullvinnslu, sérstakan byggðakvóta til byrjenda og aðstoð við

fyrstu bátakaup. Samgöngumál brenna á Grímseyingum. Á þinginu var kallað eftir fjölgun ferjuferða, sérstaklega yfir sumartímamann og lækkun á flutningskostnaði og fargjöldum. Eyjarskeggjar sjá tækifæri í ferðaþjónustu, en bæta þarf innviði. Stórbæta mætti aðstöðu til fuglaskoðunar, þróa minjagripa úr efniviði úr eyinni og huga að markaðssetningu Grímseyjar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Áhugi er á að efla viðburði í eyinni og búa til fleiri viðburði fyrir heimafólk og gesti.

Grímsey er eina þéttbýlið á Íslandi, sem kynt er með olíu og þarf að leita nútímalegri og sjálfbærari lausna. Kallað var eftir tilraunaborunum eftir heitu vatni og viðraðar hugmyndir um vindmyllu.

Höfnin er lífæð og andlit byggðarinnar og tímabært að huga að skipulagningu hennar. Bæta þarf umhverfi og ásjúnd hafnarsvæðisins og víðar í eyinni og fráveitumál þarfnast úrbóta.

Sveitarfélagið þarf að bæta aðstöðu og tómstundir fyrir börn að mati íbúa og ungrir og aldnir eiga sér draum um nýtt íþróttahús. Huga þarf að úrbótum í heilbrigðisþjónustu.

Íbúapöngið markar upphaf að samtali við íbúa í byggðapróunarverkefni sem hlaut nafnið „Glæðum Grímsey“ og er eitt af sjö verkefnum undir merkjum „Brothættra byggða“ á vegum Byggðastofnunar, sveitarfélaga og stoðkerfis. Nú verður mótuð áætlun fyrir verkefnið, byggð á greiningu og skilaboðum þingsins og fylgt eftir af verkefnisstjórn sem skipuð er fulltrúum frá Akureyrarkaupstað, Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Eyþingi. Verkefnið mun standa í allt að fjögur ár. Verkefnisstjóri er Helga Íris Ingólfssdóttir.

2. INNGANGUR

Dagana 1. – 2. maí var haldið íbúáþing í Grímsey í tengslum við verkefnið Brothættar byggðir. Segja má að þingið hafi verið fremur langþráð, þar sem áður höfðu verið gerðar þrjár tilraunir til að halda það, í janúar, febrúar og síðan í apríl, en veður og aðrar aðstæður hömluðu því. Vel var mætt til þingsins og komu nær allir fullorðnir íbúar, sem staddir voru í Grímsey. Samtals tóku rúmlega þrjátíu manns þátt í þinginu, yfir þessa tvo daga, auk þess sem nemendur grunnskólans voru heimsóttir. Íbúar gáfu byggðapróunarverkefninu, sem hófst með þinginu, heitið „Glæðum Grímsey“. Byggðastofnun stendur að verkefninu, í samstarfi við Akureyrarkaupstað, Eyþing, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og íbúa í Grímsey. Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila, leiðir verkefnið, ásamt verkefnisstjóra, sem sinnir bæði Grímsey og Hrísey.

Verkefni Byggðastofnunar, sem hlotið hefur heitið Brothættar byggðir hófst á Raufarhöfn, árið 2012. Þar var um tilraunaverkefni að ræða, sem nú er orðið að ákveðnu verklagi af hálfu stofnunarinnar. Verkefnið hefur síðan verið tekið upp í Breiðdalshreppi, Skaftárhreppi og á Bíldudal. Árið 2015 hófst svo undirbúningur að verkefnum á Kópaskeri og nærsveitum og í Hrísey, auk Grímseyjar. Markmið verkefnisins er að stofnanir, sveitarfélag og íbúar leggi saman krafta sína og leiti leiða til eflingar byggðar á sínu svæði. Þannig er horfið frá þeirri nálgun að stofnanir eða stjórnvöld komi með lausnir sem ekki eru sprottnar innan frá. Byggt er á samfélaginu sjálfu, íbúunum og þeirra vilja, krafti

og frumkvæði. Hugtakið valdefling er leiðarljós í allri vinnu með íbúum, hvort heldur er fyrirkomulag funda eða ferlið í heild sinni.

Samtal við íbúa hefst á íbúáþingi og skilaboð þess, ásamt greiningu á stöðu byggðarlagsins, verða síðan efniviður fyrir framtíðarsýn og verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri fylgja svo málum eftir, með virkri þátttöku íbúa. Gert er ráð fyrir árlegum íbúafundi, þar sem farið er yfir stöðu verkefna og verkefnisáætlun þá endurskoðuð, ef ástæða er til.

ILDI, þjónusta og ráðgjöf hefur umsjón með íbúáþingi, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum. Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space, þrautreynd fundaaðferð¹. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum, leiddu umræðuhópa og skráðu niðurstöður. Hér fer á eftir samantekt um skilaboð þingsins. Kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum hópa, þ.e. þeim málefnum sem stungið var upp á.

Hvað þarf til?



Verkefnið er tilraun til að styrkja samfélag innan frá og byggja brú milli innri stöðu og ytri aðstæðna.

¹ <http://www.openspaceworld.org/>

3. FRAMTÍÐARSÝN

Hver gæti staðan í Grímsey orðið eftir tuttugu ár? Undir lok þingsins var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina, þar sem horft var 20 ár fram í tímann, til ársins 2036. Segja má að heimamenn hafi lýst tveimur útgáfum af framtíðarsýn. Annars vegar miðað við tiltölulega litlar breytingar, en traustari grunn byggðar og hins vegar miðað við fjölgun íbúa. Lítum á hugmyndirnar.

Grímsey er að mestu eins og hún var árið 2016, en betri staða. Falleg, grösug eyja, óspillt náttúra og náttúruvegur og mikið fuglalíf, með lundann í öndvegi. Grímsey laðar að sér fjölda ferðamanna hvaðanæva að úr heiminum, allt árið um kring, þar á meðal efnaða fuglaskoðara.

Útgerð er þokkalega blómleg og samgöngur góðar. Ekki breytingar á húsum, nema engar olíutunnur lengur. Höfnin er falleg og kraninn farinn.

Einn þáttakandi lýsti framtíðarsýn sinni með þessum orðum: „Blómleg byggð, sól og heiður himinn. Börn að leik á vel hirtum og skemmtilegum leikvelli. Stærri krakkar í fótbolta á afgirta sparkvellingum. Einar Helgi í golfi á golfvellingum við Bása. Höfnin full að kvöldi af litlum fiskibátum. Ekkert hljóð úr rafstöðinni og kominn úti-heitur pottur við sundlaugina sem hitaður er með pústinu af rafstöðinni. Heiða að dytta að falletu plöntunum sínum í garðinum. Kominn stigi frá minnisvarðanum á höfnina. Greinilega góð afkoma og öllum líður vel því margir eru úti að sóla sig.“

Annar þátttakanda dreymdi um fjölgun íbúa upp í 200. Og fleiri sáu fyrir sér fjölgun íbúa, þar sem væri margt fólk og mörg börn árið 2036. Allt fallett og hreint og vel við haldið. Byggð hafi verið fjölmörg ný hús í eyinni og sérhúsnæði undir safn sem er vel sótt. Búið að byggja við félagsheimilið / skólann, þar með talið íþróttahús með góðri aðstöðu.

Komin er „lítil og krúttuleg heilsugæsla“. Blómlegt atvinnulíf er í kringum höfnina og margir bátar, kannski um tuttugu. Grásleppubátar eru allt í kringum eyna.

Gámasvæðið er fallett og allt frárennsli til fyrirmyndar. Mikið er af kindum og margir bændur. Kominn er níu holu golfvöllur, stór þaraverksmiðja í Sandvíkinni og vindmyllur.

Hvort sem þátttakendur á íbúabæningu sáu fyrir sér fjölgun íbúa eða ekki, var gleðin við völd í framtíðarsýninni. Bjart yfir eyjunni, blómleg byggð og gott mannlíf. „Margir liggja í heitu pottunum við hús sín.“ Og „þegar við lentum við Múla skelltum við okkur á ball“.

Krakkarnir í grunnskólanum skyggndust líka inn í framtíðina.

Allt út í fólk, 100.000 krakkar og skólinn RISA stór. Komið er íþróttahús og útisundlaug, hjólabrettagarður, krossarabaut, sparkvöllur og íþróttakennari. Börnin eru orðin stór, allt gamalt fólk dáið og kirkjugarðurinn er stærri, en öll dýr enn á lífi. Einhver sá fyrir sér að Syðstugjögur hefðu brotnað frá Grímsey.

Einnig endurspegluðu þær myndir sem krakkarnir sáu fyrir sér, óttann við fólksfækkun og jafnvel að Grímsey gæti farið í eyði. „Að allir voru farnir frá Grímsey ☹ ☹ ☹“. Eyjan væri mannlau, draugabær og yfirgróin. En þau áttu sér líka villta drauma, t.d. um göng milli Grímseyjar og lands, fljúgandi bíla og að allir eigi geimflug.

Í framtíðarsýn Grímseyinga, ungra og aldinna, stendur þó uppúr sú einlæga ósk „að Grímsey farnist vel“.

4. FORGANGSRÖÐUN


Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Grímsey. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útteila á málaflokka eftir eigin mati.

Mikilvægast fyrir þróun byggðar í Grímsey, er að skapa skilyrði fyrir kynslóðaskipti í sjávarútvegi og að halda ungu fólki í eygni. Efling atvinnulífs veltur, að mati þátttakenda, annars vegar á því að yngri fólk geti haslað sér völl í sjávarútvegi og hins vegar á því að efla það atvinnulíf sem fyrir er. Einnig þarf að huga að ýmsum innviðum til að Grímsey verði heillandi búsetukostur fyrir ungt fólk til framtíðar.

Heimamenn vilja sjá bætta ásýnd og umgengni, m.a. á hafnarsvæðinu. Var það var fram ýmsum hugmyndum um eflingu skólastarfs og bættri aðstöðu fyrir börnin, í námi og leik. Þá var rætt um leiðir til að efla ferðaþjónustu í Grímsey, með bættri aðstöðu og vörubróun.

Nokkur skörun er á málaflokkum. Sem dæmi má nefna að framboð á húsnæði skiptir miklu máli í þróun byggðar, að mati þátttakenda. Því er vert að geta þess að þó húsnæðismálin séu fremur neðarlega í forgangsröðuninni, eru þau inni í málaflokknum „Fólksfjölgun og að halda ungu fólki í eygni“, sem er metið þriðja mikilvægasta viðfangsefnið.

Í köflunum hér á eftir, er fjallað nánar um þau atriði sem sjá má á myndinni.




5. SJÁVARÚTVEGUR

Byggð í Grímsey stendur og fellur með nýliðun í sjávarútvegi. Rætt var um þetta í hópi um „Aflamark handa unga fólkinu“ og komið inn á í fleiri hópum.

Fram komu óskir um að Byggðastofnun aðstoði byrjendur við sín fyrstu bátakaup. Kallað var eftir auknum byggðakvóta og sérstakri kvótaúthlutun frá Byggðastofnun til byrjenda í útgerð svo þeir geti gert út í lengri tíma en bara yfir sumarið. Bátar verða þá að vera skráðir í Grímsey. Afnema þyrfti regluna um tonn á móti tonni, að mati þátttakenda.

Nýta mætti skattakerfið og lækka skatta til þeirra sem væru að byrja í útgerð.

Rætt var um leiðir til að auka vinnslu á fiski í eygni, t.d. að vinna harðfisk. Einnig sé mikilvægt að standa vörð um Fiskmarkað Grímseyjar og efla grásleppuveiðar.



„Sér kvótaúthlutun til byrjenda í útgerð, svo þeir geti gert út í lengri tíma en bara yfir sumarið.“

6. FERÐAÞJÓNUSTA

Grímsey er einstakur áfangastaður og tækifæri í ferðaþjónustu voru rædd í nokkrum hópum, s.s. „Ferðamál“, „Styrking atvinnugreina sem fyrir eru“ og „Salernisaðstaða fyrir ferðamenn“. Hér hafa skilaboð þessara hópa verið dregin saman.

6.1 AÐSTAÐA

Hægt er að gera meira úr ýmsu sem þegar er í Grímsey, bara með því að bæta aðstöðu. Rætt var um að bæta gönguleiðirnar og fá stiga yfir girðingar, s.s. suður á Grenivíkurbjargi og við steininn ofan við Miðtún.

Til að nýta tækifæri í fuglaskoðun, þyrfti að útbúa einhvers konar afdrep fyrir fuglaskoðunarmenn á fyrirfram ákveðnum stöðum, merktum þar sem líklegast er að sjá ákveðnar fuglategundir. Fram kom sú hugmynd að gera brú út í Borgina og gera fuglaskoðunarhús þar.

Lagfæra þarf tjaldsvæðið, slétta það og fá þar rafmagnsaðstöðu, merkja betur salerni sem þar er og bæta aðstöðuna. Einnig að fá einhvern til að sjá um þrif á salerninu og snyrta og þrifa betur í kringum tjaldsvæðið og önnur opin svæði á vegum bæjarins.

Bæta þarf salernismál mikið í eyjunni, sögðu þátttakendur. Það mætti t.d. gera með því að bæta við gámaeiningu með ferðasalerni bæði við heimskautsbaug við vita og á hafnarsvæðinu.

Smíða þyrfti tröppur upp frá höfninni, upp að Fiske-pallinum og mælt er með því að hafa sundlaugina opna alla daga á sumrin. Þá var rætt um að athuga með styrk til Gallerís vegna reksturs hússins Sólbergs.

6.2 NÝ TÆKIFÆRI

Ýmsar hugmyndir voru á lofti um aukna afþreyingu og þjónustu fyrir ferðamenn. Hægt væri að vinna meira úr hráefni úr Grímsey, t.d. fiskroði, lambaskinum, eggjum og steinum. Einnig að selja beint frá býli, t.d. reykt lambalæri og/eða tvíreykt hangikjöt.

Fram kom að koma þurfi munum sem gefnir voru af Daniel Willard Fiske (1831–1904), betur fyrir og koma á fót safni fyrir þá og fleiri sögulega muni, s.s. stúkudót og ljósmæðratösku. Jafnframt sé til ógrynni af gömlum myndum úr Grímsey.

Bjóða mætti upp á á brúðkaup við heimskautsbaug, hafa lifandi fiska á sumrin á bryggjunni og opna vitann fyrir almenningi. Og þátttakendur áttu sér draum um frísbíggolf og golfvöll.

Áhugi er á að laga gamlan torfkofa sem stendur í Grímsey, fá Grímseyjarísbjörninn heim, sem og Grímseyjarlaxinn.

Rætt var um svokallaða ensku dys, að uppfæra hana, laga og merkja.

Hægt er að gera meira úr ýmsu sem þegar er í Grímsey, bara með því að bæta aðstöðu.

6.3 UPPLÝSINGAR OG MARKAÐSSETNING

Á íbúáþinginu komu fram ábendingar um bættu upplýsingagjöf og markaðssetningu. Setja mætti upplýsingaspjöld um fiska, á nokkrum tungumálum á bryggjuskúrana. Og einnig setja upp upplýsingaskilti um fugla, á nokkrum tungumálum.

Setja þarf upp viðvörðunarskilti til að fólk verði meðvitað um hættuna á bjargbrúnum vegna lundaholanna sem þar eru.

Almennt töldu þátttakendur að markaðssetja megi Grímsey miklu frekar en gert er í dag og vekja enn meiri athygli á heimskautsbaug.

Loks var varpað fram hugmyndum um sér fána fyrir Grímsey og jafnvel sjálfstætt eyríki.

6.4 MINJAGRIPAFRAMLEIÐSLA

Fram kom áhugi á gerð minjagripa fyrir Grímsey þar sem unnið væri með sérstöðu eyjarinnar og hráefni, t.d. ull, roðskinn, grjót, horn og egg. Meðal annars mætti búa til lundanælur.

Heimskautsbaugsskjölin ættu ekki að fást annarsstaðar en í eyinni, að mati þátttakenda og mikilvægt að gróðinn af þeim verði eftir í eyinni. Þetta þurfi að ræða við þá aðila sem eru að selja skjöl.

„Útbúa einhvers konar afdrep fyrir fuglaskoðunarmenn.“

7. ÖNNUR ATVINNUSKÖPUN

Auk sjávarútvegs og ferðapjónustu var rætt um fleiri tækifæri til atvinnusköpunar. Almennt var kallað eftir aðstoð og styrkjum til atvinnuþróunar og við að hefja starfsemi. Þetta sé ekki síst mikilvægt til að halda ungu fólki í eyinni.

7.1 ÞARAVERKUN

Rædd var hugmynd um þaraverkun í Grímsey og töldu þátttakendur að þörf væri á stuðningi til að kanna hvort grundvöllur væri fyrir því verkefni.



8. INNVIÐIR

Eins og vænta mátti voru margir hópar á þinginu sem ræddu um innviði. Allt frá gatnamálum til samgangna milli Grímseyjar og lands og frá hávaðamengun vegna rafstöðvar til orkumála í stóru samhengi, ásamt ýmsu fleiru.

8.1 SAMGÖNGUMÁL

Samgöngumálin voru þátttakendum á íbúáþinginu ofarlega í huga. Á þeim veltur svo margt, bæði fyrir atvinnulífið og íbúa. Sem dæmi má nefna að því fleiri ferðir sem eru í boði yfir sumartímann, því fleiri strandveiðibátar leggja upp í Grímsey. Fleiri ferðir almennt geta þýtt betra verð fyrir fisk.

Kallað var eftir minnst fjórum ferðum í viku með ferjunni, en einnig nefnt að fleiri ferðir ættu að vera yfir sumartímann en í vetrarmánuðum. Óskað var eftir að þeir sem eru með lögheimili í Grímsey fái frítt í ferjuna og mikilvægt sé að lækka flutningskostnað. Einhverjir áttu sér draum um nýja ferju sem yrði fljótari á milli og þar væri betri aðstaða um borð, en nú er.

Samstilla þarf ferjusiglingar og strætóferðir á landi. Rúta fari í veg fyrir ferju á Dalvík og séð verði til þess að hún sé komin í síðasta lagi kl. 08:15 á morgnana, að mati þinggesta.

Þá töldu þátttakendur að lækka þurfi flugfargjöld og að hámarksverð ætti að vera 5-7.000 krónur.

„S.O.S – heitt vatn. BORA BORA!“

8.2 ORKUMÁL

Grímseyingar finna verulega fyrir óhagstæðri stöðu orkumála. Kynt er með olíu og kom fram að húshitunarkostnaður er gifurlegur. Nefnt var sem dæmi að það kosti um eina milljón á ári að kynda hús í stærri kantinum.

Í Grímsey sé hæsti rafmagnskostnaður á landinu.

Rætt var um bensíndælu, sem sé eins og aftan úr grárri fornöld, föst meira og minna og dæli ekki.

Þátttakendur ræddu um tækifæri í nýtingu vindorku og settu jafnframt út neyðarkall eftir því að nú verði hafnar boranir eftir heitu vatni.



8.3 FJARSKIPTI

Brýnt er að fá 4G samband í Grímsey sem allra fyrst þannig að netsamband og sjónvarpssendingar verði öruggar og hnökralausar, að mati hóps sem ræddi um fjarskipti. Einnig myndi bætt netsamband styðja fjarnám og fjarvinnu.

Laga þarf brotið mastur uppi á eyju. Bent var á að GSM loftnet sé of lágt og verði að komast hærra upp. Þetta sé nauðsynlegt til að ná lengra út til bátanna sem eru á sjó. Slæm staða fjarskiptamála hefur leitt til þess að sjómenn geta ekki stundað veiðar þegar svokallaður AIS búnaður nær ekki til þeirra. Þetta hefur takmarkað veiðisvæði bátanna.

Lokaorð hópsins sem ræddi um fjarskipti voru þessi: „Tafarlaust verði komið á netsambandi sem er sem næst því sem gerist í þéttbýli. Þetta skiptir miklu máli til að geta boðið upp á fjölbreyttari atvinnutækifæri og aukið öryggi og eru sjálfsögð lífsgæði.“

8.4 FRÁRENNSLISMÁL

Fram kom á íbúapönginu, að frárennslismál í Grímsey eru í algjörum ólestri. Ferðamenn labbi um bakkann og fjörurnar í lundaskoðun og við blasi frárennslisrör og op á klóakrörum, illa lyktandi.

Samtengja þurfi frárennsli frá húsum íbúa og fyrirtækjum í rotþró/rotþrær og finna varanlega lausn á þessu ljóta máli, eins og það var orðað.

8.5 HÁVAÐAMENGUN FRÁ RAFSTÖÐ

Einn hópur ræddi um hávaðamengun frá rafstöð. Kallað var eftir því að pústkerfið verði sett í jörðu og þannig hljóðdeyft. Vert væri að athuga hvort hægt væri að nýta hitann.

Fram kom í umræðum að þetta hafi verið í gangi í 30 ár og að ekkert hafi gerst.

8.6 HEILBRIGÐISMÁL

Í hópi sem fjallaði um heilbrigðismál, var rætt um hvað helst þurfi að bæta í heilbrigðisþjónustu.

Kallað var eftir því að fá lækni tvisvar í mánuði til eyjarinnar. Þá sé mikilvægt að ef læknir sem á að koma forfallast, þá komi annar í staðinn, í stað þess að seinka lækniþjónustu, eins og verið hefur.

Helst þarf að bæta aðstöðu fyrir þjónustu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og draumurinn væri sá að byggja við skólann, sögðu þátttakendur. Fara þarf reglulega yfir sjúkraskáp í skólastofu og fylla á. Meta hvað þarf nauðsynlega að vera til t.d. deyfilyf, stix, morfínplástur. Það sama á við um lyfjaskáp sem staðsettur er í heimahúsi.

Ljósmeður koma þegar þörf er á. Þjóða mætti upp á fjölbreyttari þjónustu og kæmi þá annað fagfólk með heimilislæknum, ef óskað væri. Sem dæmi má nefna, geðlækni, félagsráðgjafa, sálfræðing og fjölskylduráðgjafa.

Fram kom að huga þurfi betur að heilsu eldri borgara.

8.7 HÚSNÆÐISMÁL

Umræða um húsnæðismál snerist annars vegar um þörf fyrir nýbyggingar og hins vegar viðhald húsa.

Skortur er á húsnæði bæði til búsetu og starfsemi. Það er dýrt að búa í Grímsey vegna háa byggingarkostnaðar, kyndingar og sendingar- og ferðakostnaðar.

Ósk um byggingu lítilla íbúða, jafnvel til bráðabirgða, var vísað til Akureyrarkaupstaðar.

Kallað var eftir betra viðhaldi á eignum bæjarins, svo sem sundlaug, félagsheimili, skóla, íbúðarhúsum og leikvelli.

Fram kom hugmynd um að heimamenn stofnuðu hóp sem hefði það að markmiði að gera upp hús í Grímsey og var þar m.a. bent á sem fyrirmynd, hópin sem vann að því að gera upp bátinn Húna.

8.8 GATNAMÁL

Einn hópur ræddi um gatnamál og sagði að laga þurfi götur í Grímsey. Nefnt var sérstaklega að grafa ræsi í gegnum götur á 15 – 20 stöðum. Kallað var eftir hraðahindrunum, sérstaklega í námunda við Múla.

Talin er þörf á skýrum reglum um snjómokstur þar sem verði t.d. tímaáætlun á mokstri, en séu ekki geðþóttaákvæðanir. Koma þurfi snjó í burtu en ekki moka inn í garða.



9. BÖRNIN

Á íbúðinginu í Grímsey ræddi einn hópur um skólamál og fjallaði þar bæði um skólann og tólmstundaaðstöðu fyrir yngri kynslóðina. Daginn eftir þingið voru svo nemendur grunnskólans heimsóttir og spurðir um það sem þeim finnst gott við að búa í Grímsey og drauma þeirra og vonir, nú og til framtíðar. Þessi kafli er unninn upp úr skilaboðum bæði barnanna og hinna fullorðnu

9.1 ÞAÐ SEM ER GOTT VIÐ AÐ BÚA Í GRÍMSEY

Nemendur grunnskólans voru spurðir um hvað þeim finnst gott við að búa í Grímsey. Yngstu nemendurnir sögðu að á sumrin leiki þeir sér, fari í gæsir og lundaveiði og á fjórhjól. Þá sögðust þeir hafa prófað að setja fræ í mold og reynt að rækta tré.

Grímsey væri lítil eyja, þar væri hægt að labba um og auðvelt að rata. Það væri svo sem stundum vont veður og lítið að gera, ekki margir krakkar, en góðir vinir.

Þá þykir þeim gott að í Grímsey eru fáir bílar og ekki mikil umferð, engar löggur og engin rauð ljós sem þarf að stoppa á.

Eldri nemendurnir sögðu að Grímseyingar séu ein stór fjölskylda, þar sé skemmtilegt fólk, flestir séu skyldir og allir svo nánir. Þess vegna þekki maður alla, flestir séu góðir og vingjarnlegir og flest allir séu vinir.

Þau eru ánægð með að vera í litlum skóla og finnst hann góður og kostur að geta labbað í skólann. Krakkarnir eru skemmtilegir og góðir og það er gaman úti að leika.

Nálægð við náttúruna er mikilvægur hluti af því sem yngri kynslóðin kann að meta í Grímsey, sem þeim finnst fallegasta eyja í heimi! Þau nefna sérstaklega fallegt útsýni, mikið fuglalíf og að það er lítil mengun. Það er gaman á sumrin, þá lifnar allt við, grasið verður grænt, fjaran er skemmtileg, krakkarnir geta alltaf farið að veiða og strokið í sjóinn þegar þeim hentar.

Þó það sé rólegt í Grímsey og hægt að slaka mikið á, er samt mikið að gera og kostur að geta farið að vinna ungur. Það er gott að geta farið á mannlauk svæði, vera svo nálægt öllu og rata út um allt og þau nefna Básavíkina sem einn af uppáhaldsstöðunum. Þau telja það til kosta að það eru engir kettir í eyinni, finnst gaman hvað það eru oft skemmtilegar hátíðir og að í Grímsey eru sæt börn.

Krakkarnir segjast elska Grímsey, þar sem þeim finnst rosa gott að búa og frábært líf. Með þeirra eigin orðum: „Þú elskar alltaf staðinn sem þú ólst upp á“.



9.2 SKÓLAMÁL

Á íbúáþinginu ræddi fullorðna fólkíð um skólamála. Þar komu fram ýmsar hugmyndir og þó smæð skólans hafi marga kosti, veltu þátttakendur fyrir sér leiðum til að yfirstíga þá annmarka sem það skapar. Einnig var rætt um aðstöðu.

Koma mætti á fót samstarfi við aðra skóla og gaman væri ef Grímseyjarskóli ætti sér vinaskóla. Þjóða mætti öðrum skólum í heimsókn á Fiske hátíðina.

Próunarverkefni í samstarfi við Hríseyjarskóla er í vinnslu. Rætt var um að fá oftast gestakennara og að athuga hvort fjármagn fáiast í að ráða heimamenn til að miðla af sinni þekkingu, t.d. að halda smíðanámskeið, handavinnunámskeið og fleira. Tónlistarkennslu mætti einnig leysa með því að halda námskeið.

Rætt var um mikilvægi forvarnafræðslu og að æskilegt væri að fá talmeinafræðing til að koma reglulega. Talið var vert að skoða möguleika á fjarþjónustu varðandi ýmsa sérfræðiþjónustu. Krakkar fari í burtu í framhaldsnám en séu þá um leið að gera ráð fyrir því að koma ekki aftur því þau hafi ekkert við menntunina að gera heima í eygni og vilja Grímseyingar hafa börnin sem lengst heima.

Nokkrar ábendingar komu um aðstöðu í skólahúsnæði og leiðir til úrbóta.

Bæta þarf geymsluaðstöðu fyrir íþrótt- og útidót, jafnvel utandyra og þörf er fyrir betri hirslur í skólastofunni, helst læstar.

Afmarka þyrfti tölvusvæði svo það sé ekki ofan í kennslurými.

Gott væri að losna við bókasafn/lækni/Fiskesafn út úr skólastofunni, til að hún nýtist skólastarfinu. Þá þyrfti að koma upp sér húsnæði undir þetta. Stækka mætti Múla (skólann) í suður- eða austurátt, sögðu þátttakendur.



„Þú elskar alltaf staðinn sem þú ólst upp á.“

9.3 FÉLAGSSTARF OG AÐSTAÐA

Kallað var eftir skipulögðu reglulegu félagsstarfi fyrir krakkana í Grímsey og vinnuskóla á sumrin. Halda mætti ýmis námskeið, bæði að sumri og vetri. Til dæmis var nefnt að fá gestakennara úr landi s.s. sund, dans, íþróttir, list, tónlist, karate, smíðar, skátanámskeið, útivistarnámskeið og fleira. Þá var sérstaklega nefnt skyndihjálparnámskeið fyrir börnin.


Fram kom að helst þyrfti að girða leikvöllinn af, stækka sandkassa og setja upp klifurgrind. Færa mætti körfuboltavöllinn að syðri vesturstafninum og steypa plan undir hann. Yngstu nemendurnir í grunnskólanum áttu sér draum um hoppukastala, aparólu og köngulóarrólu og einhverjir töluðu um frisbígolf.

Margir vilja sjá utanumbyggðan völl, fyrir sparkvöll fyrir fótbolta og fleira. Bent var á að slétta mætti úr moldarhaugunum sunnan við leikvöllinn og gera þar fótboltavöll.

Grímseyingar á öllum aldri eiga sér draum um íþróttahús eða aðra inniaðstöðu til íþróttaiðkunar, t.d. einhverskonar skemmu eða slíkt. Einnig að sundlaugin verði stækkuð.

Fram kom sú hugmynd að fá Vilborgu Arnarsdóttur til eyjarinnar, til að segja frá Raggagarði í Súðavík.

„Athuga hvort fjármagn fáiast í að ráða heimamenn til að miðla af sinni þekkingu, t.d. smíðanámskeið, handavinnunámskeið o.fl.“



10. HÖFNIN

Rætt var um málefni hafnar í þremur hópum: „Hafnar- og ruslasvæði“, „Skipulag á hafnarsvæði“ og „Grjót í hafnargarðinn“. Einnig var komið inn á tiltekt á hafnarsvæði í hópnum sem ræddi málefnið „Fjarlægja járnadót og stærra rusl“.



Fram komu sterkar óskir um tiltekt og bætt skipulag og ásjúnd á hafnarsvæðinu.

Stungið var upp á að taka malarhaug og stórt grjót sem er auka og útbúa slétt og gott steypt plan fyrir bíla og setja bekki fyrir fólk. Fjarlægja olíusjálfsala af ferjubryggju og setja hann inn við innri höfn og jafnframt fjarlægja kofa sem er við olíusjálfsala. Laga þyrfti rampinn þar sem bílar keyra í ferju. Afmarka ætti göngubraut farþega til og frá ferju til að koma í veg fyrir að fólk gangi fyrir lyftara í vinnu.

Varðandi ruslasvæði / gámasvæði var rætt um að þar þurfi að gera skjólgarð, steypta plan og snyrta svæðið. Einnig að snyrta svæði neðan við minnismerki þar sem flotbryggjur eru. Gera ætti áttak í að senda rusl í land, dekk sem eru í haug, steypuhnalla og auka bryggjutimbur. Einnig þarf, að mati þátttakenda að senda burt krana sem staðið hefur í mörg ár á hafnarsvæðinu. Mikilvægt sé að gera þetta svæði snyrtilegt. Virkja eigi starfsmann sem á að sjá um þetta svæði.

Þá var bent á þá lausn að ef rusl færi reglulegar með ferjunni í land, jafnvel í hverri ferð, þá myndi gámasvæðið verða lítið sem ekkert.

Loks kom fram að of mikið sog sé í höfninni og að æskilegt væri að setja upp sliski til að setja og taka upp báta.



12. UMHVERFISMÁL

Auk hóps sem ræddi um umhverfismál, var komið inn á þau mál í ýmsum öðrum hópum, eins og komið hefur fram.

Hér eru talin upp þau atriði sem rötuðu á blað:

- Fá fólk til að fjarlægja allt járnarusl og gamla ónýta bíla og senda í land.
- Fjarlægja ruslið á bjargbrúninni norðan við brennusvæðið á leið til Bása; þrifa brennusvæðið og fegra holtseindann.
- Fegra hafnarsvæðið og burt með kranann af hafnarsvæðinu áður en verður slys af honum.
- Gámasvæðið, skipta oftast um gáma á gámasvæðinu.
- Laga tjaldsvæðið, setja rafmagn og merkja svæðið.
- Hreinsa upp möl og torf meðfram vegum (eftir moksturinn í vetur).
- Allir fá gráa olíutanka - N1.
- Settar verði upp ruslafötur fyrir ferðamenn; setja upp rusladallana sem þegar eru komnir í eyjuna.
- Fá betri aðstöðu fyrir börnin á leikvöllinum, laga girðinguna og fleira.
- Hraðahindranir við skólann.
- Umhirða á eignum Akureyrarbæjar.

„Fá fólk til að fjarlægja allt járnarusl og gamla ónýta bíla og senda í land.“



13. VIÐBURÐIR Í GRÍMSEY

Einn hópur ræddi um viðburði í Grímsey og velti fyrir sér þeim hátíðum og viðburðum sem þegar eru til staðar og kom með hugmyndir um nýja.

Fram kom áhugi á að efla Fiskehátíðina, sem haldin er í nóvember. Halda mætti skákmót og talað var um að auglýsa hátíðina, sbr. umræðu um markaðsmál.

Í júní eru Grímseyjardagar, m.a. með eggjahátíð og grásleppukvöldi.

Í umræðu um nýja viðburði, stakk hópurinn upp á að auka félagslíf á aðventunni. Þetta mætti gera með jólatónleikum og jólamarkaði þar sem öllum væri frjálst að hafa bás og dreymdi þátttakendur um karamelluepli og kakó. Einnig að standa mætti fyrir sameiginlegu jólaföndri, með jólalögum, kakó og smákökum.

Fleiri möguleikar voru nefndir, eins og haustmarkaður, Víkingahátíð, skreyta hverfin og halda grímuball. Þá mætti halda Jónsmessuhátíð með balli, kór og diskói og hvatningu um að velta sér nakin í dögginni.

Hópurinn ræddi líka þá hugmynd að búa til hjall til að þurrka fisk og hausea.

Þá kom fram áhugi á að stofna leikfélag og að haldið verði leiklistarnámskeið í Grímsey.



„Stofna leikfélag og fá námskeið.“

15. NÆSTU SKREF

Nokkrir af hópunum sem störfuðu á íbúabpinginu veltu fyrir sér næstu skrefum í þeim málum sem tekin voru til umræðu. Í sumum tilfellum greindu þátttakendur líka hverjir þyrftu að vinna að þessum næstu skrefum. Hér hafa verið tekin saman skilaboð hópanna um næstu skref, þar sem þeirra var getið og er notað þeirra eigið orðalag. Tekið skal fram að þessi listi er þó alls ekki tæmandi, þar sem svo margt fleira var rætt, en hér er talið.

Orkumál: Bora eftir heitu vatni – verkefnisstjóri.

Fjarskipti: Fá 4G örbylgjusamband í eyna sem allra fyrst og koma GSM loftneti hærra upp í mastur efst á eyinni.

Frárennismál: Vísað alfarið til Norðurorku á Akureyri.

Hávaðamengun frá rafstöð: Á vegum RARIK. Þessar umræður hafa margoft átt sér stað.

Heilbrigðisþjónusta: Heilsugæslan á Akureyri (Heilbrigðisstofnun Norðurlands).

Húsnaðismál: Akureyrarbær hugleiði hvort geta og vilji sé til að byggja íbúðir. Að ef af stofnun „húsaóps“ yrði, þá yrði talað við eigendur þeirra húsa sem eru í niðurníðslu um hvort þeir vildu hreinlega afhenda húsin til eignar Grímseyinga svo þeir gætu gert húsin upp og jafnvel selt þau fyrir kostnaði.

Gatnamál: Vísað til vegagerðarinnar og framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.

Skólamál: Heimamenn geta tekið sig saman og byggt geymsluskúr og gert kvöld úr því. Vísað til skólastjóra, skóladeildar, framkvæmdadeildar og fasteigna Akureyrarbæjar.

Félagsstarf og aðstaða: Samráð milli Akureyrarbæjar, skóla og íbúa.

Höfn: Hafa samband við Hafnasamlag Norðurlands. Fá Elliða í lið með okkur (ný ferja).

Umhverfismál, m.a. umhirða opinberra svæða og endurbætur á tjaldsvæði, þrif og umsjón: Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar og verkefnisstjórn. Og hægt væri að setja á fót vinnudag í Grímsey þar sem íbúar myndu leggjast á eitt við að fegra og bæta umhverfi sitt. Sækja þá um styrk hjá Akureyrarkaupstað vegna kostnaðar við hreinsunardag íbúa.

Viðburðir: Gera facebook hóp. Gera hugmyndabanka tengdan viðburðum.

Markaðsmál: Akureyrarstofa.

Minjagripagerð: Hugmyndavinna vegna minjagripagerðar og láta hanna logo fyrir vörurnar. Aðstoð og styrkir til að hefja framleiðslu.

Almennt var eftirfylgni vísað til verkefnisstjórnar, en að lokum **skora Grímseyingar á ríkisstjórnina að standa við samþykkt sína frá síðasta ári, um byggðaaðgerðir fyrir Grímsey.**

Grímseyingar eru tilbúnir að róa lífróður fyrir byggðina sína, en það þarf að haldast í hendur við aðgerðir stjórnvalda.

17. AÐ LOKUM

Þegar boðið er til þátttöku felst í því loforð um að nýta það sem út úr samráðinu kemur, í tengslum við ákvarðanir. Hverju er þá verið að lofa íbúum Grímseyjar, með því að bjóða til íbúabings og síðan eftirfylgni til allt að fjögurra ára? Loforðið hefur verið skilgreint þannig, í verkefnislýsingu Brothættra byggða:

„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“

Loforðið gildir meðan unnið er að verkefninu á hverjum stað.

Verkefnisstjórn fyrir verkefnið í Grímsey, mun nú vinna frekar úr skilaboðum þingsins. Þau verða efniviður í stefnumótun og áætlanagerð, sem verkefnisstjórn og verkefnisstjóri munu fylgja eftir í allt að fjögur ár. Íbúar hafa einnig verið hvattir til að vinna áfram að þeim hugðarefnum sem rædd voru á þinginu. Haldnir verða opnir íbúafundir a.m.k. einu sinni á ári. Frumkvæði og samstaða íbúa og stuðningur verkefnisstjórnar eykur líkurnar á því að eitthvað af þeim hugmyndunum sem komu fram á íbúabinginu verði að veruleika og að mögulegar lausnir verði í samræmi við takt og vilja samfélagsins sjálfs.

Það sem uppúr stendur í skilaboðum Grímseyinga er hversu brýnt það er að skapa skilyrði fyrir fólksfjölgun og að halda ungu fólki í eyggi, eins og það var orðað. Þar veiga þungt, aðgerðir til að auðvelda nýliðun í sjávarútvegi og að styðja við þær atvinnugreinar sem fyrir eru, m.a. að efla ferðaþjónustu. Einnig húsnæðismál og bættar og hagstæðari samgöngur. Nánar má sjá skilaboð heimamanna um nauðsynlegar úrbætur varðandi innviði í kafla 9, hér á undan.

Grímseyingar leggja mikla áherslu á bættu aðstöðu vegna tómsstunda, sérstaklega fyrir börnin og vilja jafnframt að gert verði meira í því að miðla sögu eyjarinnar til gesta og gangandi.

Loks var bent á að vert væri að nýta skattakerfið sem hvata til búsetu, með því að lækka skatta í Grímsey.

